



Til: byggingarfulltrui@dalir.is  
Efni: Re: Fw: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, náma - breytingartillaga  
Upplýsingar: Sent: 28.03.2018 09:48:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020024, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018020024

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Dalabyggð, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Um er að ræða efnistökusvæði á áreyrum Húsár/Hvolsár og á eldra námusvæði í landi Hvítadals. Gert er ráð fyrir að taka allt að 20.000 rúmmetra af efni. Þessar breytingar eru vegna endurbyggingu Vestfjarðarvegar nr. 60 á tæplega 6 km kafla þar sem hann stenst ekki gildandi veghönnunarreglur.

Í þeim gögnum sem vísað er til í meðfylgjandi tölvupósti er aðeins að finna kort af efnistökusvæðinu í mælikvarðanum 1:100.000 og því mjög erfitt að átta sig á nákvæmri staðsetningu námanna. Ekki er t.d. ljóst hvort farið verður út í árnar eða hvort vinnslan er á ármótum Húsár/Hvolsár eða eingöngu á gömlum áreyrum. Eftir skoðun á loftmyndum virðist vera gömul náma við Hvítadalsveg sunnan Vestfjarðarvegar og þar virðist ekki hafa verið farið út í ána/Hvolsá. Nákvæmara kort/mynd, t.d. afmörkun á námusvæði á loftmynd, hefði gert gagn. Í tillögu að skipulagi er eingöngu fjallað um að bera framlagða tillögu saman við núll kost. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort aðrir kostir hafi verið mögulegir.

Efnistaka í ám er yfirleitt ekki ákjósanleg bæði vegna lífríkis sem getur verið í þeim en einnig vegna ófyrirsjáanlegra breytinga sem geta orðið á rennsli áa sem getur valdið breytingum á landbroti.

Í gögnum málsins eru engar upplýsingar um lífríki í viðkomandi ám eða á árbökkum t.d. hvort efnistökusvæðin geta haft áhrif á hrygningarstöðvar laxfiska eða ekki.

Miðað við umfang efnistökkunnar og ef gengið er út frá því að eingöngu eigi að nýta gamlar áreyrar, án þess að farið sé í sjálfar árnar, má að öllum líkindum standa þannig að efnistökkunni að hún valdi ekki miklu raski á landslagi eða lífríki. Og eins og kemur fram í skipulagstillögunni þarf að gæta sérstaklega að því að geyma engin efni, oliur eða annað, á vinnslusvæðinu. Tryggja þarf góðan frágang á námusvæði að vinnslu lokinni. Hér skal ítrekað að upplýsingar um svæðið og efnistökkuna sjálfa hefðu geta verið betri. Engar þekktar náttúruminjar eru á umræddu svæðinu.

Vegna vinnu við skipulag almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 14.02.2018 10:04:48  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, náma - breytingartillaga

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 14.02.2018 10:04 -----

From: Byggingarfulltrúinn í Búðardal <byggingarfulltrui@dalir.is>  
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Date: 13.02.2018 13:52  
Subject: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, náma - breytingartillaga

---

## Náttúrufræðistofnun Íslands

**Urriðaholtsstræti 6-8**  
**210 Garðabæ**

Óskað er eftir umsögn vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 16. janúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 ásamt umhverfisskýrslu, í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða endurbyggingu Vestfjarðarvegar nr. 60 á tæplega 6 km kafla þar sem hann stenst ekki gildandi veghönnunarreglur. Gert er ráð fyrir efnistöku á áreyrum Húsár/Hvolsár og á eldra námusvæði í landi Hvítadals.

Fylgigögn má einnig nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://www.dropbox.com/sh/apv31c2nf8y52hq/AADdfa4EFblhfYzCZywe8Z61a?dl=0>

Athugasemdum eða ábendingum skal skila til skrifstofu Skipulagsfulltrúa , að Miðbraut 11 370 Búðardal eða netfang [byggingarfulltrui@dalir.is](mailto:byggingarfulltrui@dalir.is) fyrir 30. mars 2018.

Kær kveðja,

**Bogi Kristinsson Magnusen**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps

Miðbraut 11 370 Búðardal Dalabyggð.

S: 430-4700 / 434-7880

[byggingarfulltrui@dalir.is](mailto:byggingarfulltrui@dalir.is)

